

STJÓRNARTÍÐINDI B 19 – 1996

Nr. 150

306

12. mars 1996

REGLUGERÐ

um skráningu virðisaukaskattsskyldra aðila.

I. KAFLI

Almenn skráning.

1. gr.

Hver sá sem skattskyldur er skv. 3. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, skal ótilkvaddur eigi síðar en átta dögum áður en starfsemin hefst tilkynna atvinnurekstur sinn eða starfsemi til skráningar hjá skattstjóra, þar sem hann á lögheimili.

Tilkynningar skv. 1. mgr. skal senda skattstjóra á eyðublaði RSK 10.22.

Hafi skattstjóra borist tilkynning frá skattskyldum aðila skv. 1. mgr. skal senda aðila sérstaka uppgjörsskýrslu sem honum ber að fylla út og skila skattstjóra þegar sala hans á skattskyldri vöru og þjónustu hefur á tólf mánaða tímabili náð þeirri lágmarksfjárhæð sem greinir í 3. t. 4. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, sbr. þó 2. mgr. 3. gr. Uppgjörsskýrsla skal vera í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Breytingar, sem verða á starfsemi eftir að skráning hefur farið fram, skal tilkynna skriflega eigi síðar en átta dögum eftir að breyting á sér stað til skattstjóra.

2. gr.

Hver sá sem í atvinnuskyni eða með sjálfstæðri starfsemi sinni selur eða afhendir vöru eða verðmæti, ellegar innir af hendi skattskylda vinnu eða þjónustu eða er skattskyldur að öðru leyti skv. 3. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, skal skráður á virðisaukaskattsskrá, enda uppfylli hann skilyrði 2. mgr., sbr. þó 4. gr.

Skilyrði skráningar eru eftirfarandi:

- a) Að samanlagðar tekjur aðila af sölu skattskyldrar vöru og þjónustu séu að jafnaði hærri en kostnaður við aðföng sem keypt eru með virðisaukaskatti til starfseminnar, þar með talið vegna kaupa varanlegra rekstrarfjármuna.
- b) Að samanlagðar tekjur aðila af sölu skattskyldrar vöru og þjónustu hafi á tólf mánaða tímabili náð þeirri lágmarksfjárhæð sem greinir í 3. t. 4. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

3. gr.

Skattstjóri úrskurðar hvort aðili sé skráningarskyldur skv. 2. gr. þegar uppgjörsskýrsla skv. 3. mgr. 1. gr. hefur borist.

Skattstjóra ber þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. að skrá aðila áður en sala hans á skattskyldri vöru og þjónustu nær þeim mörkum sem greinir í 2. mgr. 2. gr. uppfylli hann skilyrði 4., 6. eða 8. gr. fyrir fyrirfram skráningu eða hann hefur yfirtekið rekstur skv. 4. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Skattstjóri gefur út staðfestingu til skráningarskylds aðila um að skráning skv. 1. eða 2. mgr. hafi átt sér stað.

Nú hefur aðili, sem að mati skattstjóra er skráningarskyldur skv. 2. gr., eigi tilkynnt starfsemi sína til skráningar, skal skattstjóri úrskurða hann á virðisaukaskattsskrá og tilkynna aðilanum þar um.

II. KAFLI

Fyrirfram skráning.

4. gr.

Skattskyldir aðilar er stunda starfsemi á þróunar- eða undirbúningsstigi eiga rétt á skráningu, þrátt fyrir ákvæði 2. gr., standi kaup þeirra á fjárfestingarvörum í beinu sambandi við framleiðslu á vöru til sölu í atvinnuskyni á síðari rekstrarárum.

Skráning samkvæmt þessu ákvæði gildir í tólf mánuði. Aðili sem hefur verið skráður fyrirfram skráningu getur fengið skráningu í tólf mánuði til viðbótar hjá skattstjóra, þyki staðfest að forsendur skráningar séu óbreyttar frá því að aðili var skráður í upphafi.

Skilyrði skráningar samkvæmt þessu ákvæði eru eftirfarandi:

- a) Um sé að ræða atvinnustarfsemi, þ.e. starfsemi sem miði að rekstrarhagnaði eftir eðlilegan uppbyggingartíma.
- b) Fjárfesting aðila í varanlegum rekstrarfjármunum, þar með talið fasteignum og ræktun, eða vörubirgðum sé veruleg á sama tíma og eðlilegt sé vegna eðlis starfseminnar að hún skili ekki rekstrartekjum; ekki er nægilegt að aðili hafi verulegan kostnað af virðisaukaskatti vegna almenns rekstrarkostnaðar.
- c) Fjárfesting aðila standi í beinum tengslum við væntanlega sölu hans á skattskyldum vörum og þjónustu.

Hafi aðili ekki uppfyllt skilyrði 2. gr. fyrir skráningu að loknum þeim tíma sem greinir í 2. mgr. getur skattstjóri heimilað honum áframhaldandi skráningu enda leggi hann fram tryggingu fyrir innskatti skv. 6. gr.

5. gr.

Þeir sem rétt eiga á skráningu skv. 4. gr. skulu senda skattstjóra, auk tilkynningar skv. 2. mgr. 1. gr., rekstraráætlun og greinargerð um starfsemina til staðfestingar því að um eðlilega rekstraruppbyggingu verði að ræða.

Skattstjóri metur hvort skilyrðum a.-c. liða 3. mgr. 4. gr., sé fullnægt. Við mat samkvæmt þessari málsgrein getur skattstjóri m.a. haft mið af því hvernig fjármögnun á uppbyggingu starfseminnar er háttað, t.d. hvort lán hafi fengist til starfseminnar frá banka eða atvinnuvegasjóði.

6. gr.

Ef ekki er ljóst samkvæmt þeim upplýsingum sem aðili gefur hvort hagnaður verður af starfsemi á síðari rekstrarárum skal skattstjóri synja um skráningu nema aðili leggi fram tryggingu, í formi bankaábyrgðar, fyrir innskatti. Ef aðili getur ekki lagt fram fullnægjandi tryggingu fyrir innskatti ber skattstjóra að synja um skráningu.

7. gr.

Uppfylli aðili síðar skilyrði fyrir skráningu skv. 2. eða 4. gr., eða leggi fram tryggingu skv. 6. gr., ber skattstjóra að skrá aðila afturvirktil til þess dags sem hann átti fyrst rétt á skráningu, enda sé um sömu starfsemi að ræða. Afturvirk skráning getur tekið til allt að tveggja ára.

Fái aðili afturvirka skráningu skv. 1. mgr. á hann rétt á að telja til innskatts virðisaukaskatt af aðföngum til starfseminnar en ber jafnframt að draga frá reiknaðan virðisaukaskatt (útskatt) af veltu sama tímabils.

8. gr.

Aðilar sem hafa með höndum nytjaskógrækt samkvæmt lögum nr. 32/1991, um Héraðs-skóga, eiga rétt á skráningu skv. 4. gr., enda sé tilgangur skógræktarinnar að framleiða og selja afurðir á síðari rekstrarárum. Þeim sem rétt eiga á skráningu samkvæmt þessu ákvæði ber að leggja fram tryggingu, sem fullnægjandi er að mati skattstjóra, fyrir innskatti.

Um uppgjörstímabil og gjalddaga þeirra sem stunda nytjaskógrækt fer eftir ákvæðum 3. gr. reglugerðar nr. 667/1995, um framtal og skil virðisaukaskattsskyldra aðila, enda séu tekjur þeirra af starfseminni að jafnaði lægri en kostnaður við aðföng sem keypt eru með virðisaukaskatti.

III. KAFLI

Afskráning.

9. gr.

Hætti aðili skráningarskyldri starfsemi skal hann tilkynna skattstjóra um lok hennar eigi síðar en átta dögum eftir að starfsemi lauk. Skattstjóri úrskurðar aðila af skrá.

Hafi aðili eigi tilkynnt lok skráningarskyldrar starfsemi sinnar skv. 1. mgr., eða skattstjóri telur að ekki sé um skráningarskylda starfsemi að ræða skal skattstjóri úrskurða aðila af skrá.

Hafi skattskyld starfsemi aðila verið skráð skv. 4. gr. og skilyrði 2. mgr. 2. gr. hafa ekki verið uppfyllt á rekstrarárinu, þ.e. á tólf mánaða tímabili, skal skattstjóri úrskurða aðila af skrá nema sótt sé um áframhaldandi skráningu áður en tímabilinu lýkur eða sett tryggingu fyrir innskatti skv. 6. gr.

10. gr.

Tilkynni aðili sig út af skrá skv. 1. mgr. 9. gr., eða er tekinn af skrá á grundvelli úrskurðar skattstjóra skv. 2. eða 3. mgr. 9. gr., skal telja vörubirgðir, vélar, tæki og aðra rekstrarfjármuni til skattskyldrar veltu á því uppgjörstímabili er starfsemi lýkur, sbr. 3. mgr. 11. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum. Við útreikning virðisaukaskatts skal miða skattverð við almennt gangverð án virðisaukaskatts.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

11. gr.

Aðili sem fengið hefur skráningu skv. 4., 6. eða 8. gr., skal skila sérstakri virðisauka-skattsskýrslu vegna þeirrar starfsemi, þótt hann hafi með höndum aðra skattskylda starfsemi.

Skattstjóri skal hafa eftirlit með því að aðeins skráningarskyldir aðilar séu á virðisauka-skattsskrá.

12. gr.

Synjun skattstjóra á skráningu er kæránleg skv. 29. gr. laga nr. 50/1988, um virðisauka-skatt, með síðari breytingum.

13. gr.

Tryggingum skv. 4., 6. og 8. gr. er ætlað að tryggja endurheimtu á endurgreiddum inn-skatti í þeim tilvikum sem aðili hefur gefið rangar eða villandi upplýsingar og með þeim hætti haft fé af ríkissjóði.

Trygging skv. 4., 6. og 8. gr. fellur úr gildi í eftirfarandi tilvikum:

- 1) Þegar aðili uppfyllir skilyrði 2. gr.
- 2) Þegar skattaðili hefur hætt starfsemi og staðið innheimtumanni ríkissjóðs skil á þeim virðisaukaskatti er honum bar að standa skil á skv. 3. mgr. 11. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.
- 3) Þegar eigendaskipti verða á fyrirtæki skv. 4. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988, um virðis-aukaskatt, og hinn nýi eigandi hefur sett fullnægjandi tryggingu fyrir innskatti skv. 6. gr.

14. gr.

Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna, svo og röng upplýsingagjöf látn í té í því skyni að fá endurgreiðslu á virðisaukaskatti varðar við 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

15. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 5. og 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðis-aukaskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. júlí 1996.

Fjármálaráðuneytinu, 12. mars 1996.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Hermann Jónasson.